

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 7. júní 2021
UST202106-020/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020 - Borg í Grímsnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 2. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020 í þéttbýlinu Borg í Grímsnesi (2009016).

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að afmörkun íbúðarsvæðis merkt ÍB2 fellur út og er hluta þess breytt í landbúnaðarland, skilgreint er nýtt svæði sem opið svæði merkt Ú7 til útivistar og afmörkun íbúðarsvæðis merkt ÍB4 breytist og stækkar til austurs. Auk þess kemur fram að íbúðarsvæði merkt ÍB3/A1, fellur út og hluti svæðis er sameinað við íbúðarsvæði merkt ÍB1 og afmarkað er nýtt svæði sem athafnasvæði merkt A1. Einnig kemur fram að svæði merkt Í1 breytist í AF1 og afmörkun breytist.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur